



Borgarráð

Hagaskóli – endurgerð á álmum B og C.

Óskað er eftir því að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að halda áfram með frekari hönnun og hefja innkaupaferli vegna framkvæmda við endurgerð og lagfæringa á húsnæði Hagaskóla, álmum B og C.

Kostnaðaráætlun er 850 m.kr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í byrjun árs 2026 og að þeim ljúki sumarið 2027.

Greinargerð:

Framkvæmdum við endurbætur á aðalbyggingu Hagaskóla (A-álm) er að mestu lokið og hefur endurbætt húsnæði verið í notkun frá því í ágúst 2023. Þá var á árinu 2023 komið fyrir færanlegu húsnæði á lóð Hagaskóla þar sem kennsla fer fram í 19 kennslustofum, sem eru 17 hefðbundnar, ein heimilisfræðistofa og ein undir félagsrými.

Lágbyggingar við Fornhaga (álmur B og C) hafa ekki verið nýttar til kennslu síðan í desember 2022 og fyrri tillögur skv. greinargerð sem lögð var fram í borgarráði 7. apríl 2022 gerðu ráð fyrir að B og C álmur ásamt lágbyggingu við Dunhaga yrðu rifnar. Í stað þeirra kæmi stærri nýbygging til að mæta auknum nemendafjölda vegna uppbyggingar íbúða í borgarhlutanum.

Frekari þróunarvinna hefur leitt í ljós ýmsa kosti þess að ráðast í endurgerð á álmum B og C í stað þess að þær verði rifnar. Er það m.a. byggt á forsendum upphaflegrar hönnunar Hagaskóla og er í takti við staðaranda hverfisins. Áform um nýbyggingu eru áfram til frekari skoðunar.

Að lokinni endurgerð á álmum B og C er áætlað að losni um rými í núverandi færanlegu húsnæði sem nemur 9 kennslustofum og 4 hópherbergjum.

Kostnaðarstaður: 1104

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhals

Hjálagt:

- Kynning



Hagaskóli endurgerð á álmum B og C.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



Lýsing á framkvæmd

- Framkvæmdin felur í sér áframhaldandi gagngerar lagfæringar og endurbætur á húsnæði Hagaskóla. Nú á álmum B og C (lágbyggingum) á grundvelli sömu aðferðarfræði og í endurbótunum við aðalbyggingu (álmu A).
- Í B og C álmum verður komið fyrir almennum kennslurýmum, hópherbergjum, upplýsingaveri og félagsmiðstöð sem nú er staðsett í færanlegu húsnæði á lóð. Mötuneytiseldhús flyst úr A álmu í B álmu. Kennaraaðstöðu verður komið fyrir í A álmu.
- Áform um nýbyggingu eru áfram til frekari skoðunar.



Yfirlitsmynd endurgerðra lágbygginga

Í endurgerðum á lágbyggingum B- og C-álmum verða:

Kennslustofur

Upplýsingaver

Hóprými

Mötuneytiseldhús

Félagsmiðstöð

Í A - álmu kemur:


Kennaraaðstaða

Aðstaða fyrir húsvörð

B og C-álmur eru 750 m²

Kennaraaðstaða 95 m²

Samtals endurgerð 845 m².





Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 850,- m.kr.

Kostnaðaráætlunin innifelur undirbúning, hönnun og framkvæmd, lóðafrágang, umsjón og eftirlit ásamt þeim búnaði sem þarf til að hefja kennslustarf.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í byrjun árs 2026 og áætlað að þeim ljúki sumarið 2027.





Reykjavík